



Tálknafjarðarhrepps

Fundur haldinn í skólanefnd 14.september 2006 á skrifstofu  
Tálknafjarðarhrepps, Miðtúni 1, kl. 17.00

*Mætt undirrituð og fyrirtekið*

**1. Málefni fjarnámsvers.**

Nefndarmenn voru búnir að kanna óformlega fyrir fundinn hvað þeir nemendur sem eru í fjarnámi findist um að hafa aðstoðarmann t.d. 1x – 2x í viku. Langflestir töldu það mjög gott ekki síst vegna félagslega þáttarins að hittast á ákveðnum tíma til að sameinast og hittast. Sigurlaug tók að sér að kanna betur á hvaða tíma þeir nemendur sem eru í skólaliðanámi gætu hugsað sér, eins ætlar Guðlaug Björgvins að athuga aðra nemendur sem vitað er um að eru í fjarnámi. Ingólfur skaut á tölur hvað það myndi kosta að hafa ca. 2 klst á viku, þá væri kostnaður ca. 80 – 100 þ til áramóta en okkar tillögur ganga út frá því að prófa þetta til áramóta og sjá þá til hvað nemendur segja.

Ekk fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17.50

Guðlaug S. Björnsdóttir  
Ingólfur Kjartansson  
Guðlaug Björgvinsdóttir  
Birna Ben.  
Sigurlaug Guðmundsdóttir